



Úttekt á stöðu og tækifærum kvenna á  
vinnumarkaði í dreifbýli:  
Viðtalskönnun 2020-2021

---

Aðgerð B18 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin  
2018-2024

**Úttekt á stöðu og tækifærum kvenna á vinnumarkaði í dreifbýli: Viðtalskönnun 2020-2021**

Júlí 2022

Útgefandi: Jafnréttisstofa  
Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími: 4606200  
Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)  
Veffang: [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

Umbrot og textavinnsla: Erla Hrönn Unnsteinsdóttir og Tryggvi Hallgrímsson

© 2022 Jafnréttisstofa

ISBN: 978-9935-428-45-5

## Efnisyfirlit

<b>Bakgrunnur verkefnis B18</b> .....	2
Launamunur kynjanna.....	3
<b>Samanburður á tekjum kvenna og karla</b> .....	5
Konur í sambúð á landsbyggðinni samanborið við karla í sambúð á landsbyggðinni .....	5
Einhleypir karlar á landsbyggðinni samanborið við einhleypar konur á landsbyggðinni .....	6
<b>Samanburður á tekjum kvenna</b> .....	7
Einhleypar konur, samanburður höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar .....	7
Konur í sambúð, samanburður á höfuðborgarsvæði og landsbyggð .....	8
<b>Búferlaflutningar</b> .....	9
<b>Byggðaáætlun</b> .....	11
<b>Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum</b> .....	11
<b>Kynskiptur vinnumarkaður og virði starfa</b> .....	13
<b>Störf án staðsetningar</b> .....	15
<b>Markmið og aðferð rannsóknar</b> .....	17
<b>Viðtöl – Eldri hópur viðmælenda</b> .....	18
Menntun og búseta .....	18
Atvinnumöguleikar .....	20
Kynskiptur vinnumarkaður .....	21
Störf án staðsetningar .....	21
<b>Viðtöl – Yngri hópur viðmælenda</b> .....	23
Menntun og búseta .....	24
Atvinnumöguleikar .....	25
Kynskiptur vinnumarkaður .....	27
Störf án staðsetningar .....	28
<b>Samantekt</b> .....	30
<b>Tillögur og frekari rannsóknir</b> .....	32
<b>Heimildir</b> .....	33

## Bakgrunnur verkefnis B18

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 var lögð fram á Alþingi og samþykkt í júní árið 2018. Áætlunin lýsir stefnu ríkisins í byggðamálum og er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggða og landsins alls. Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar er að jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga og jafna þannig tækifæri allra landsmanna til atvinnu og aðgengi að þjónustu. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Í þingsályktuninni segir að markmið hennar sé að byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka og að í allri stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera verði áhrif á þróun einstakra byggða metin.

Launamunur karla og kvenna hefur dregist saman síðustu ár og á það jafnt við um atvinnutekjur og óleiðréttan og leiðréttan launamun. Kynbundin skipting vinnumarkaðarins í störf og atvinnugreinar skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar en áhrif menntunarstigs og lýðfræðilegra þátta á launamun hafa minnkað, einkum seinni árin. Aðgerð B18 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 kveður á um að gerð verði úttekt á stöðu og tækifærum kvenna og karla á vinnumarkaði í dreifbýli. Úttektinni er ætlað að skoða hvernig hægt sé að auka atvinnumöguleika kvenna sem hæfa háu menntunarstigi.

Forsætisráðuneytið, sem er ráðuneyti jafnréttismála, er ábyrgðaraðili verkefnisins og fól Jafnréttisstofu að vinna rannsóknina á gildistíma áætlunarinnar. Lögð var fram rannsóknaráætlun í upphafi verkefnistímans, sem gerði ráð fyrir söfnun gagna með rýnihópum kvenna og viðtölum við konur sem búa á landsbyggðinni og hafa grunnmenntun eða framhaldsmenntun á háskólastigi. Vegna endurtekinna samkomutakmarkana á verkefnistímanum var áherslum rannsóknarinnar breytt til að hægt væri að taka hluta viðtalanna gegnum fjarfundi. Hópi viðmælenda var skipt í tvo hópa; hóp kvenna á landsbyggðinni, sem höfðu umtalsverða reynslu af störfum sem tengdust sérfræðimenntun þeirra og hóp yngri kvenna á landsbyggðinni, sem höfðu lokið námi og höfðu nýlega hafið störf sem tengdust þeirra menntun.

Í rannsókninni er leitast við að fá svör viðmælenda við spurningum sem tengjast menntun og búsetu, atvinnumöguleikum og upplifun þeirra af kynskiptum vinnumarkaði. Þá var sérstaklega spurt um hugmyndir þeirra um möguleika til starfa í störfum sem flokkast gætu

undir störf án staðsetningar. Niðurstöðuskýrslan sem hér er birt var unnin á Jafnréttisstofu árið 2020 og 2021. Höfundar hennar eru Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu og Erla Hrönn Unnsteinsdóttir starfsmaður á Jafnréttisstofu árið 2021. Verkefnið var fjármagnað af byggðaáætlun.


## Launamunur kynjanna

Allt frá árinu 1976 hafa lög á Íslandi kveðið á um að greiða skuli körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf og þótt dregið hafi úr launamun kynjanna síðustu áratugi er enn marktækur munur á launum karla og kvenna. Til að fylgjast með og greina launamun kynjanna hafa rannsóknir síðustu áratuga borið laun kvenna og karla saman og metið áhrif ýmissa þátta á launamyndun. Til að samræma greiningu á launamun kynjanna hefur helst verið stuðst við nokkrar tegundir samanburðar; óleiðréttan launamun, leiðréttan launamun og að lokum samanburð á heildar atvinnutekjum. Enn fremur er í sumum tilvikum gerður greinarmunur á atvinnutekjum og heildartekjum með ýmsum bótum eða almannatryggingum.

Atvinnutekjur lýsa því hversu mikið einstaklingar fá að meðaltali greitt vegna vinnu sinnar á ákveðnu tímabili, jafnan á mánuði eða ári, án tillits til helstu skýringaþátta launamyndunar. Í launagreiningu Hagstofu Íslands er jafnan miðað við atvinnutekjur einstaklinga á vinnualdri, 18-66 ára, og stuðst við gagnaskil skattframtala. Við slíkan samanburð er ekki tekið tillit til þeirra áhrifaþátta sem geta skýrt mishá laun kynjanna svo sem menntunarstig, starf eða atvinnugrein og vinnutíma. Munur atvinnutekna karla og kvenna skýrist meðal annars af því að konur vinna að meðaltali færri stundir en karlar, þær vinna við önnur störf og í öðrum atvinnugreinum en karlar. Með einföldum samanburði á heildar atvinnutekjum kvenna og karla fæst því ágæt vísbending um mismunandi möguleika karla og kvenna til þess að afla sér tekna ásamt því sem samanburðurinn lýsir, að ákveðnu marki, áhrifum verðmats starfa á kynskiptum vinnumarkaði.

Hægt er að reikna launamun kynjanna með margvíslegum hætti. Oftast er þó stuðst við samanburð á hlutfalli tveggja meðaltala. Jafnan er reiknaður launamunur kynjanna þá fundinn með því að laun tiltekins hóps kvenna eru notuð sem efniviður til útreiknings og miðað við meðaltal launa karla. Konur voru með 4,3% lægri laun en karlar árið 2019. En árið

2010 var launamunurinn 6,2%, þegar tekið er mið af leiðréttum launamun. Óleiðréttur launamunur árið 2010 var 17,5% en var 13,9% árið 2019. Ef horft er til atvinnutekna, þar sem ekki er tekið tillit til áhrifaþátta sem geta skýrt misháar tekjur svo sem vinnutíma og tegund starfs, voru konur að jafnaði með 32,9% lægri atvinnutekjur en karlar árið 2010 en 25,5% árið 2019.




Mynd 1: Atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af atvinnutekjum karla - 1990 til 2020

Í skýrslu Hagstofu Íslands um launamun karla og kvenna (2021) er bent á að vinnumarkaðurinn sé mjög kynskiptur þegar litið sé til atvinnugreina og starfa á Íslandi og það sé meginástæða kynbundins launamunar. Laun eru að meðaltali lægri í stéttum þar sem konur eru í meirihluta og þær stéttir heyra margar undir opinbera geirann. Leiðrétting á verðmætamati kvennastarfa getur leitt af sér aukið jafnrétti fyrir karla þar sem fjárhagslegur hvati til aukinnar vinnu karla er minni, þegar fjárhagslegt framlag kvenna til reksturs heimilisins verður meira. Þannig gætu áhrifin verið þau að karlar geti unnið minna og tekið aukinn þátt í umönnun og verkefnum fjölskyldna. Þetta getur leitt til betra jafnvægis á milli atvinnu og einkalífs fyrir alla og aukið möguleika kvenna til að auka við starfshlutfall sitt og vinna meira en áður.

## Samanburður á tekjum kvenna og karla

### Konur í sambúð á landsbyggðinni samanborið við karla í sambúð á landsbyggðinni

Á föstu verðlagi ársins 2019 höfðu karlar á landsbyggðinni í sambúð, með grunnmenntun 654.951 kr. í heildartekjur á mánuði fyrir skatta. Konur á landsbyggð í sambúð, með grunnmenntun höfðu 425.213 kr. í heildartekjur.<sup>1</sup> Mismunur heildartekna hópanna voru 229.738 kr. Karlar á landsbyggðinni í sambúð og með framhaldsmenntun úr háskóla (MA/MSc gráðu) höfðu 1.026.879 kr. í heildartekjur fyrir skatt. Konur á landsbyggðinni í sambúð með framhaldsmenntun höfðu 739.974 kr. Mismunur heildartekna hópanna voru, á föstu verðlagi ársins 2019, 286.905 kr. á mánuði. Karlar í sambúð með háskóladiplómu voru með yfir 253.379 kr. hærri heildartekjur en konur í sama flokki menntunar. Karlar á landsbyggðinni í sambúð með grunnmenntun úr háskóla (BA/BSc) voru með 182.206 kr. hærri heildartekjur en konur í sama flokki. Að lokum voru karlar á landsbyggðinni, árið 2018,<sup>2</sup> í sambúð og með doktorsgráðu úr háskóla með 305.881 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en konur í sama flokki.




Mynd 2: Heildartekjur einstaklinga á landsbyggð í sambúð eftir kyni 2019

<sup>1</sup> Allur samanburður á tekjum byggir á tölum af vefnum [www.tekjusagan.is](http://www.tekjusagan.is), sem er gagnvirkt tæki stjórnvalda sem gerir almenningi kleift að skoða breytingar á lífskjörum einstakra hópa yfir tímabil.

<sup>2</sup> Í þessum samanburði er stuðst við tölur frá árinu 2018 vegna umtalsverðs munar á tekjum kvenna með doktorsgráðu milli árana 2018 og 2019.

## Einhleypir karlar á landsbyggðinni samanborið við einhleypar konur á landsbyggðinni

Á föstu verðlagi ársins 2019 höfðu einhleypir karlmenn með framhaldsskólamenntun um 155 þúsund krónum hærra laun en einhleypar konur á landsbyggðinni með sömu menntun. Einhleypur karl á landsbyggðinni með háskóladiplómu hafði, árið 2019, að meðaltali 632.918 kr. í heildartekjur á mánuði eða um 129 þúsund krónum hærra heildartekjur en einhleyp kona á landsbyggðinni sem einnig var með háskóladiplómu, en hún hafði að meðaltali 503.733 kr. í heildartekjur. Einhleypur karl á landsbyggðinni með grunnenntun var með um 99 þúsund krónum hærra heildartekjur fyrir skatta en einhleypar konur á landsbyggðinni, sem höfðu að meðaltali 425.213 kr. á mánuði. Einhleypur karl á landsbyggðinni með framhaldsmenntun úr háskóla (MA/MSc) var með 773.045 kr. að meðaltali á mánuði í heildartekjur. Einhleyp kona á landsbyggðinni með framhaldsmenntun úr háskóla var með um 142 þúsund krónum lægri tekjur eða alls 630.733 kr. Meðaltal heildartekna einhleyps karls á landsbyggðinni með doktorspróf úr háskóla var 691.657 kr. en sömu heildartekjur konu voru um 105 þúsund krónum lægri, eða 586.605 kr. á mánuði.




Mynd 3: Heildartekjur einhleyptra karla og einhleyptra kvenna á landsbyggð 2019



## Samanburður á tekjum kvenna

### Einhleypar konur, samanburður höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar


Einhleyp kona með grunnenntun á höfuðborgarsvæðinu var með 25.916 kr. lægri heildartekjur á mánuði fyrir skatt en einhleyp kona á landsbyggðinni með sömu menntun. Í öllum öðrum flokkum menntunar hafa konur á höfuðborgarsvæðinu hærri atvinnutekjur. Einhleyp kona með framhaldsskólamenntun á höfuðborgarsvæðinu var með 25.537 kr. hærri heildartekjur á mánuði en einhleyp kona í sama flokki menntunar á landsbyggðinni. Einhleyp kona á höfuðborgarsvæðinu með diplómu úr háskóla var með 85.841 kr. hærri heildartekjur á mánuði fyrir skatt en kona í sama flokki á landsbyggðinni. Einhleyp kona á höfuðborgarsvæðinu með framhaldsmenntun úr háskóla (MA/MSc) var með 67.039 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en kona með sömu menntun á landsbyggðinni. Að lokum voru einhleypar konur á höfuðborgarsvæðinu með doktorsgráðu með 325.750 krónum hærri heildartekjur en konur í sama flokki með doktorsgráðu á landsbyggðinni. Vert er að endurtaka þann fyrirvara að mikill breytileiki er í tölum um heildartekjur fólks með doktorsgráðu milli ára og því stuðst við tölur frá 2018.



Mynd 4: Heildartekjur einhleypa kvenna á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2019

## Konur í sambúð, samanburður á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Kona í sambúð með grunnenntun á höfuðborgarsvæðinu var með 39.047 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en konur í sama flokki menntunar á landsbyggðinni. Kona í sambúð með framhaldsskólamenntun á höfuðborgarsvæðinu var með 67.900 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt að meðaltali en konur í sama flokki á landsbyggðinni. Kona í sambúð með diplómu úr háskóla á höfuðborgarsvæðinu var með 74.076 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en kona í sama flokki á landsbyggðinni. Kona í sambúð á höfuðborgarsvæðinu með grunngráðu í háskóla var með 64.352 kr. hærri heildartekjur en kona í sama flokki á landsbyggðinni. Kona á höfuðborgarsvæðinu í sambúð með framhaldsmenntun úr háskóla var með 130.432 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en kona í sama flokki á landsbyggðinni. Að lokum voru konur á höfuðborgarsvæðinu með doktorsgráðu í sambúð með 353.394 kr. hærri heildartekjur fyrir skatt en konur í sama flokki á landsbyggðinni. Aftur ber að geta þess að mjög mikill breytileiki er í tölum um heildartekjur fólks með doktorsgráðu milli ára og því stuðst við tölur frá 2018.



Mynd 5: Heildartekjur kvenna, í sambúð, á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2019

## Búferlaflutningar

Íslenskar skýrslur og rannsóknir sem fjallað hafa um ástæður búferlaflutninga sýna að helstu ástæður kvenna á aldrinum 20-39 ára fyrir búferlaflutningum af landsbyggðinni eru nám, fábreyttur vinnumarkaður á landsbyggðinni og betri launakjör á höfuðborgarsvæðinu. Ógiftar konur eru ólíklegri til þess að flytja en giftar konur og konur með háskólamenntun eru líklegri til þess að flytja en minna menntaðar konur, háskólamenntaðar konur eru einnig líklegri en háskólamenntaðir karlar til þess að flytja (Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015). Svipaðar niðurstöður má finna í rannsókn Detang-Dessandre og Molho á búferlaflutningum kvenna í dreifbýli Frakklands þar sem giftar konur voru líklegri til að flytja og konur með menntun líklegri til flutnings en minna menntaðar konur (Detang-Dessandre og Molho, 2000). Rannsóknir í Skotlandi sýna að háskólamenntaðar konur eru líklegri að flytja en háskólamenntaðir karlar. Rannsakendur telja að ástæður þess að konur séu líklegri til þess að flytja búferlum séu fólgnar í viðleitni til að bæta upp fyrir kynbundna mismunum á vinnumarkaði (Faggian o.fl., 2007).

Ungar konur flytja í meira mæli af landsbyggðinni en ungir karlar. Það er í samræmi við rannsóknir frá Skandinavíu, Færeyjum og Grænlandi, þar sem konur virðast vera líklegri til að tileinka sér nýja þekkingu og aðlaga sig að breyttum aðstæðum (Berglund, Johansson og Kramvig, 2005). Því er mikilvægt að menntunar- og atvinnumöguleikar á landsbyggðinni séu fjölbreyttir og við hæfi menntaðra kvenna. Það drægi úr líkum á að konur flytji frá landsbyggðinni og það hefur líka áhrif til þess að auka líkurnar á að konur flytji til baka ef þær fari til höfuðborga í nám. Rannsóknir hafa engu að síður sýnt að vinnumarkaður landsbyggðarinnar hefur ekki þróast í þessa átt og þannig eru konur jafnvel að mennta sig frá landsbyggðinni. Atvinnumöguleikar á landsbyggðinni virðast þannig ekki samræmast menntun kvenna jafn vel og karla. Fábreyttur vinnumarkaður og einnig lægri laun á landsbyggðinni stjórna því, að einhverju marki, hvort konur hafi jafnt val um það að búa á landsbyggðinni. Konur gátu árið 2005 fengið allt að 25% hærri laun á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, á móti 10% mun hjá körlum (Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason, 2005) en heildartímalaun karla á höfuðborgarsvæðinu voru þá 16% hærri en karla á landsbyggðinni og heildartímalaun kvenna voru 29% hærri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Launamunur kynjanna er einnig meiri á landsbyggðinni en hann er á

höfuðborgarsvæðinu (Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Dr. Friðrik H. Jónsson, 2008).

Niðurstöður könnunar SSV sem RHB vann árið 2006 sýndu fram á að konum er meira, en körlum, umhugað um að búa í góðu umhverfi til þess að ala upp börn, að hafa háskóla á svæðinu, að húsnæðisverð sé lægra, að framboð sé á menningu, leikskólar séu góðir og að losna undan mikilli umferð. Körlum þótti hins vegar mikilvægt að búa ekki of þétt samanborið við konur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrrum rannsóknir sem sýna að konur taka meiri ábyrgð á heimilinu en karlar, sem hefur þau áhrif að konur íhuga fremur flutninga úr sveit í borg til þess að vera nær þeirri þjónustu sem þær telja nauðsynlega.

Kynskiptur vinnumarkaður hefur þau áhrif að svokölluð „kvennastörf“ geta verið hreyfanlegri en hefðbundin „karlastörf.“ Þegar horft er til þess að hefðbundnari kvennastörf, svo sem störf í heilbrigðisþjónustu og þjónustustörf er auðveldara að fá á fleiri stöðum. Samtímis ræðst framboð starfa sem kunna að teljast sérhæfðari, á sviðum eins og verkfræði, læknisfræði og t.d. jarðfærði, af stærð atvinnumarkaðar og nálægðar við tengdar atvinnugreinar (Benson, 2014).

Rannsóknir sýna að ábyrgð á heimili er kynjaskipt og hvílir mikið á hefðbundnum hugmyndum um kynhlutverk, þar sem karlar eru fyrirvinnur og konur vinna oft aðeins upp að því marki sem samræmist möguleikum þeirra til að sinna fjölskyldu og börnum. Rannsóknir á stöðu kvenna í dreifbýli í Englandi sýna, að með því að búa í dreifbýli töldu konur sig vera að búa til fjölskylduvænt umhverfi, þar sem tómstundir og félagslíf barna var háð því að móðirin gæti skutlað þeim. Sem varð til þess að mæður leituðu í störf sem gáfu þeim það frelsi sem til þurfti við slíkar aðstæður eða einfaldlega hættu störfum til þess að geta sinnt þessum skyldum. Fleiri rannsóknir í Englandi hafa sýnt fram á að hugmyndir um fjölskylduvænt dreifbýli hvílir mjög á hefðbundnum kynhlutverkum þar sem konur voru megin umönnunaraðilar og þannig haldast við hugmyndir, hefðir og venjur um hefðbundin kynjahlutverk (Tinna Kristbjörg Guðmundsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2012).

## Byggðaáætlun

Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason (2005) benda á að í byggðaáætlun 2003-2005 er ekki fjallað sérstaklega um ólíkar aðstæður og möguleika kynjanna á landsbyggðinni. Þar eru engar aðgerðir sem lögðu áherslu á þennan vanda en almenna reglan var sú að því minni sem sveitarfélögin eru því lægra er hlutfall kvenna í íbúafjöldanum. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur kynjavinkillinn ekki fengið mikið vægi þegar kemur að rannsóknum á þeim miklu og hröðu þjóðfélagsbreytingum sem áttu sér stað á Íslandi í kjölfar „þéttbýlisvæðingar.“ Í byggðaáætlun árána 2018-2024 er búið að auka umfjöllun um ólíka stöðu kynjanna með lið C11 þar sem fjallað er um að fjölga konum í sveitarstjórnnum og í lið B18 er kveðið á um rannsókn á atvinnumöguleikum kvenna og karla á landsbyggðinni. Í fyrsta kafla nýrrar byggðaáætlunar kemur fram í markmiðum að: „Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu“ og að „helstu viðfangsefni byggðaáætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.“ Engu að síður er ekki sérstaklega fjallað um verri stöðu kvenna á landsbyggðinni heldur eingöngu talað um fólk almennt, en það var einnig bent á það í úttekt Kjartans og Ingólfs frá árinu 2005, þar sem sjaldan var talað um sérstakt kyn heldur jafnan fjallað um fólk eða einstaklinga. Það gefur ástæðu til að ætla að aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum megi gera meira til þess að samræma kynjasjónarmið í stefnumótun með sérstakri áherslu á sérstöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og afleiðingum þeirrar sérstöðu á einstakar aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum.

## Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum

Í Evrópusáttmálanum um jafna stöðu kvenna og karla segir að jafnrétti í daglegu lífi sé ekki orðið að veruleika, þar sem karlar og konur njóta ekki sömu raunréttinda. Félagslegt, pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt misrétti er enn raunveruleiki sem sést meðal annars í launamun og að færri konur eru kjörnir fulltrúar á sveitastjórnarstigi. Þetta segir sáttmálinn vera afleiðingu félagslegrar formgerðar sem byggir á staðalímyndum og bent er á að þessu

sé hægt að breyta með því að innleiða nýjar nálganir og breyta uppbyggingu samfélaga. Grundvöllur slíkra breytinga er sagður felast í því að samþætta kynjasjónarmið í allri stefnumótun um byggðamál. Í sáttmálanum kemur einnig fram að sveitarfélög séu það stig stjórnsýslu sem stendur næst fólki og þar sé hægt að grípa til raunverulegra aðgerða í þágu jafnréttis. Þar kemur einnig fram að þátttaka kvenna í þróun og innleiðingu stefnumótunar leiði til þess að staða þeirra, lífsreynsla og þekking sé lögð til grundvallar. Til þess að búa til samfélag þar sem jafnrétti ríki, sé nauðsynlegt að taka tillit til kynjasjónarmiða þar sem jafnrétti kvenna og karla sé lykill að efnahagslegum og félagslegum árangri (Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum, 2008).

Meginreglur sáttmálans eru sex;

**1. Jöfn staða kvenna og karla er talin vera grundvallarréttur.** Þennan rétt þurfa sveitar- og héraðsstjórnir að innleiða á öllum þeim sviðum sem þær eru ábyrgar fyrir, þar á meðal að skuldbinda sig til að afnema allar birtingarmyndir mismununar, hvort sem þær eru beinar eða óbeinar.

**2. Til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla þarf að taka á margfaldri mismunun og lakari stöðu minnihlutahópa.** Þegar unnið er að því að jafna stöðu kvenna og karla þarf að taka tillit til þess hvort fyrir hendi sé margföld mismunun og lakari staða sem fyrir utan kyn, á rót sína að rekja til kynþáttar, litarhafts, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna, erfðabátta, tungumáls, trúarbragða eða lífsviðhorfa, pólitískra eða annarra skoðana, minnihlutastöðu, eignastöðu, fæðingarstaðar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar eða félags-/efnahagslegrar stöðu.

**3. Jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðis í samfélaginu.** Rétturinn til jafnrar stöðu kvenna og karla krefst þess að sveitar- og héraðsstjórnir beiti öllum tiltækum ráðum og innleiði viðeigandi aðferðir til að vinna að jöfnum hlutföllum og jafnri þátttöku kvenna og karla á öllum sviðum ákvarðanatöku.

**4. Afnáam staðalímynda kynjanna er sagt grunnur að því að jafnrétti kvenna og karla náist.** Sveitar- og héraðsstjórnir verða að stuðla að afnámi staðalímynda og þeirra hindrana sem valda því að konur búa við lakari stöðu og aðstæður og sem leiða af sér

ójafnt mat á hlutverkum kvenna og karla í pólitísku, efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu samhengi.

**5. Samþætting kynjasjónarmiða í öllum aðgerðum sveitar- og héraðsstjórna er nauðsynleg til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.** Taka verður tillit til kynjasjónarmiða, þegar búin er til stefna, aðferðir og tæki sem hafa áhrif á daglegt líf íbúa, til dæmis í gegnum aðferðir „samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða“ og „kynjaðrar hagstjórnar.“ Í þessu augnamiði verður að greina og taka tillit til reynsluheims kvenna í sveitarfélögum og héruðum, þ.m.t. búsetu- og atvinnuskilyrða þeirra.

**6. Aðgerðaáætlanir og verkefni, sem njóta nægilegs fjármagns, eru nauðsynleg tæki til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.** Sveitar- og héraðsstjórnir verða að vinna að aðgerðaáætlunum og verkefnum, með þeim fjárhagslega stuðningi, mannafla og úrræðum sem til þarf, svo takast megi að innleiða þau.

## Kynskiptur vinnumarkaður og virði starfa

Segja má að kynbundinn launamunur hafi fest sig í sessi vegna hugmynda samfélagsins um karla sem fyrirvinnur og að það þætti eðlilegt að greiða konum lægri laun en körlum. Af þessum sökum voru fyrstu kröfur kvenréttindafélaga um allan heim varðandi launajafnrétti meðal annars þær að laun karla og kvenna væru fremur byggð á mati á hæfni til að vinna störf en ekki á kynferði. Síðar hefur ein grundvallarforsenda allrar kvennaréttindabaráttu, sérstaklega á vinnumarkaði, falist í því að afhjúpa áhrif kynjaðra hugmynda á virði kvennastarfa.

Lárétt kynskiptur vinnumarkaður (e. horizontally segregated workforce) fjallar um það hvernig ákveðin störf og starfssvið eru talin tilheyrja öðru kyninu sérstaklega þannig að til verða sérstök „karlastörf“ og önnur ákveðin „kvennastörf.“ Lóðréttur kynskiptur vinnumarkaður (e. vertically segregated workforce) felur hins vegar í sér hvernig virðingarstöður innan stofnana og fyrirtækja eru oftast taldar tilheyrja körlum frekar en konum. Markmið þeirrar greiningar sem hér birtist beinist ekki að lóðréttum kynskiptum vinnumarkaði að öðru leyti en því að benda á að möguleikar kvenna á landsbyggðinni á vinnumarkaði falla bæði að möguleikum beggja kynja til að sinna og vinna þau störf sem þau kjósa og að starfsþróun standi báðum kynjum til boða. Á Íslandi hefur ekki verið framkvæmd

fullnægjandi greining á lóðréttum eða láréttum kynskiptum vinnumarkaði sem gefur tilefni til ályktana um misjafnar birtingarmyndir, á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar.

Stjórnvöld hafa, sérstaklega eftir endurskoðun jafnréttis laga árið 2008, sýnt fram á vilja til að vinna gegn áhrifum staðalmynda á vinnumarkaði með því að hvetja vinnuveitendur til að vinna gegn neikvæðum áhrifum staðalmynda á vinnumarkaði. Þetta hefur verið gert með sérstökum verkefnum í framkvæmdaáætlunum stjórnvalda á sviðum jafnréttismála, þar sem verkefni hafa verið unnin til að hvetja konur til að sækja fram á sviðum, sem í hefðbundnum skilningi mætti flokka sem karlastörf og með verkefnum, sem ætlað er að hvetja karla til að taka þátt í umræðu um jafnréttismál og jafnri ábyrgð gagnvart fjölskyldu og atvinnu.

Atvinnuþátttaka þróast meðal annars með lýðfræðilegum breytingum og breytingum á efnahags- og atvinnulífi. Atvinnuþátttaka hefur jafnan verið mikil á Íslandi og er með því hæsta sem þekkt innan OECD ríkjanna. Samanborið við önnur lönd mælist atvinnuþátttaka mikil hjá báðum kynjum ásamt því að vera mikil í öllum aldurshópum. Rannsóknir sýna að konur sinna almennt meiri ólaunaðri vinnu á heimili og konur vinna fleiri vinnustundir í viku hverri við heimilisstörf og umönnun barna og fjölskyldu. Á sama tíma og karlar vinna fleiri tíma í hverri viku við launaða vinnu hefur atvinnuþátttaka kvenna verið mjög há á Íslandi og í alþjóðlegum samanburði hafa íslenskar konur unnið fleiri vinnustundir á viku en kynsystur þeirra í flestum öðrum löndum.

Frá lokum ársins 2020 starfaði starfshópur um endurmat á störfum kvenna. Hópurinn var skipaður í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga og aðildarfélaga BSRB þann 9. mars 2020. Ríkisstjórnin lýsti því yfir við skipan starfshópsins að sett yrði af stað vinna við endurmat á störfum kvenna og starfshópnum falið að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun, sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Aðgerðirnar skyldu taka mið af markmiðum um að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Bandalagi háskólamanna, BSRB, Alþýðusambandi Íslands, forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Kennarasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Starfshópurinn skilaði greinargerð til forsætisráðherra í september 2021 þar sem lagt er til að aðgerðahópur stjórnvalda um



launajafnrétti komi á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa og þrói samningaleið um jafnlaunakröfur til að útrýma kynbundnum launamun. Í greinargerð starfshópsins kemur fram að dregið hafi úr launamun á undangengnum árum, meðal annars fyrir tilstuðlan aðgerða á borð við starfsmat hjá sveitarfélögum og jafnlaunavottun. Þessi tæki duga hins vegar ekki til þess að leiðrétta launamun, sem stafar af kynbundinni skiptingu vinnumarkaðar og atvinnugreina sem skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar.

## Störf án staðsetningar

Nýtt úrræði til að bæta búsetuskilyrði fólks alls staðar á landinu felst í áherslum á störf án staðsetningar. Sett markmið eru fólgin í markmiðum um að 10% allra auglýstra ríkisstarfa verði án staðsetningar árið 2024 en ríkið er stærsti atvinnurekandi landsins. Í febrúar 2020 hófst greining starfa á höfuðborgarsvæðinu og þar kom fram að mögulegt væri að auglýsa um 890 störf án staðsetningar eða 13% stöðugilda.

Í september árið 2021 var gefin út skýrsla um stöðu og framtíðarhorfur verkefnisins „Störf án staðsetningar“ á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis, forsætisráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Greiningin er hluti af byggðaáætlun 2018-2024 en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2018-2021 segir að ráðuneytum og stofnunum þeirra verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er, þannig að búseta hafi ekki áhrif á val á starfsfólki. Markmið verkefnisins er í samræmi við byggðaáætlun og er ætlað að efla byggðir landsins, gera atvinnulíf fjölbreytilegra og að sporna gegn fækkun íbúa á einstökum svæðum. Í skýrslunni segir að stöðugildi ráðuneyta og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu leiði í ljós að í heild væri mögulegt að auglýsa um 10% starfa án staðsetningar. Alls skiluðu 100 stofnanir greiningu á stöðugildum og töldu mögulegt að auglýsa allt að 840 störf án staðsetningar.

Vefkönnun var lögð fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að kanna viðhorf til verkefnisins árið 2020. Könnunin náði til 117 ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu og var svarhlutfallið 58%. Af þeim sem tóku þátt sögðu 71% svarenda að frekar eða mjög ólíklegt væri að 10% starfa yrðu auglýst án staðsetningar fyrir árslok 2024. Þá töldu 27% aðspurðra mjög eða frekar líklegt að ráðið yrði í starf án staðsetningar á næstu 24 mánuðum en 63% töldu það mjög eða frekar ólíklegt.

Í árslok 2019 var heildarfjöldi íbúa á Íslandi alls 364.134 og heildarfjöldi stöðugilda ríkisins 24.979 talsins. Fleiri konur skipa störf hjá ríkinu eða 15.716 á móti 9.263 störfum skipuðum körlum. Byggðastofnun hefur síðastliðin ár gert könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með stöðugildum á vegum ríkisins er átt við störf sem greidd eru af Fjársýslu ríkisins, störf hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og störf hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum ríkisins. Nýjustu tölur um fjölda stöðugilda eru frá 31. desember 2019. Greiningin leiðir í ljós að störfín eru fleiri en sjálf stöðugildin en upplýsingarnar hafa verið settar fram um fjölda stöðugilda.

Árið 2021 var haldið málþing á vegum SSNE, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi Eystra, og Akureyrarstofu um vaxandi möguleika sem felast í störfum, sem eru óháð staðsetningu. Málþingið kallaðist „Fólk færir störf“ og var haldið með rafrænum hætti. Þar lýstu einstaklingar reynslu sinni af bæði störfum án staðsetningar og stjórnendur lýstu reynslu sinni af því að hafa starfsfólk í vinnu sem uppfylltu skilyrði þess að kallast án staðsetningar. Þó að bæði starfsfólk og stjórnendur lýstu vissulega einhverjum vanköntum við tilhögun slíkra starfa voru flestir jákvæðir gagnvart hugmyndum um aukinn hlut starfa án staðsetningar á íslenskum vinnumarkaði. Margir bentu jafnframt á að tækifæri tilhögunar slíkra starfa hefðu með ýmsum hætti birst okkur í tengslum við samkomu- og fjöldatakmarkanir í COVID faraldrinum. Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, sagði að markmið stjórnvalda um störf án staðsetningar þyrfti að innleiða með markvissari framkvæmd. Hann sagði: *„Ég held að störf án staðsetningar snúist ekki aðeins um byggðamál eða að ráða þann hæfasta burtséð frá búsetu, heldur ekki síst það að fólk geti valið sér búsetu óháð starfi á stað þar sem því líður vel og í umhverfi sem gerir það hamingjusamt.“* Í þessu sambandi er vert að minnast á rannsóknir Kjartans Ólafssonar og Ingólfs V. Gíslasonar frá því fyrir rúmum áratug sem benda á að mikið hefur skort á að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rannsóknum í byggðamálum á Íslandi. Áherslan á kynjasjónarmið í byggðamálum er aðkallandi vegna þess að vitneskja ríkir nú þegar um að staða kvenna á vinnumarkaði er lakari en staða karla og að höfuðborgarsvæðið hefur tilhneigingu til að mynda meiri togkraft fyrir menntaðar konur þegar þær velja búsetu eða horfa til tækifæra sinna til náms.

## Markmið og aðferð rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar fólst í að leggja mat á reynslu kvenna með framhaldsmenntun á háskólastigi, af því að búa og starfa á landsbyggðinni. Með viðtölum var ætlunin að fá fram sjónarmið þeirra varðandi tekjumöguleika og atvinnutækifæri í núverandi byggð, sem í öllum tilfellum var skilgreint utan höfuðborgarsvæðisins. Leitast var við að fá fram skoðanir og sjónarmið viðmælenda til starfspróunar í núverandi starfi eða starfsvettvangi, hugmyndir þeirra um markmið starfa án staðsetningar og hvernig markmiðin horfðu við þeim í núverandi starfi.

Við upphaflega hönnun rannsóknarinnar, sem miðaði við að gagnaöflun færi fram á árinu 2020 og 2021 var lagt upp með blandaða gagnaöflun viðtala og rýnihópa kvenna sem uppfylltu áður nefnd skilyrði. Í ljósi aðstæðna og endurtekinna samkomutakmarkana á rannsóknartímanum var breyting gerð í þá veru að beina sjónum fyrst og fremst að gagnaöflun gegnum viðtöl. Aðeins var hægt að taka hluta viðtala í gegnum hefðbundið fyrirkomulag funda með viðmælendum og því einnig stuðst við fjarfundi við hluta gagnaöflunarinnar.

Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki, þar sem eingöngu var rætt við konur með framhaldsmenntun, sem búsettar voru á ýmsum svæðum á landsbyggðinni. Viðmælendum var síðan skipt í tvo hópa. Í fyrsta lagi var rætt við konur með framhaldsmenntun á háskólastigi, sem höfðu reynslu í störfum sem tengdust menntun þeirra – menntaðar konur með starfsreynslu. Í öðru lagi var valinn hópur viðmælenda, konur sem höfðu nýlega lokið framhaldsmenntun á háskólastigi. Þessir viðmælendur áttu það flestir sameiginlegt að hafa nýlega flutt frá höfuðborgarsvæðinu til bæja eða í dreifbýli á landsbyggðinni. Alls voru viðmælendur í þessum hópi fjórtán talsins. Tekin voru níu viðtöl með hefðbundnu fyrirkomulagi á fundi með hverjum og einum viðmælenda.

Í samræmi við skyldur um varðveislu og greiningu upplýsinga um viðmælendur voru viðtalsrammar og spurningar hannaðar með það að markmiði að spyrja ekki spurninga sem gátu falið í sér svör sem gáfu upplýsingar um persónuleg fjármál einstaklinga eða heilsufarsupplýsingar. Viðmælendur fengu allir staðlaða kynningu um markmið

rannsóknarinnar ásamt tilvísun í samhengi hennar við áætlanir verkefnis B18 í aðgerðaáætlun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

## Viðtöl – Eldri hópur viðmælenda

Við val á hópi eldri viðmælenda var leitast við að tala við konur sem höfðu allnokkra eða mikla reynslu í störfum sem voru á sviði sérfræðimenntunar. Konurnar í þessum hópi voru níu talsins og búsettar á Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi og Austfjörðum. Meðalaldur þeirra var 44 ár.

## Menntun og búseta

Allar konurnar áttu það sameiginlegt að hafa lokið framhaldsmenntun á háskólastigi, utan tveggja sem báðar höfðu lokið grunnnámi á háskólastigi. Allar konurnar höfðu nokkra starfsreynslu, sem tengdist menntun þeirra. Það var nokkur munur á því hvernig námi viðmælenda var háttað. Þrjár kvennanna höfðu tekið nokkuð langt hlé í námi og lokið framhaldsnáminu nokkru seinna en grunnnáminu. Viðmælandi, íbúi í litlu sveitarfélagi á Norðausturlandi, hafði lokið námi í ferðamálafræði og hafði reynslu af því að sinna námi sínu í fjarnámi. Spurð um reynslu sína af fjarnámi sagði hún: „*Þetta var í rauninni bara viðbót við fyrra nám og mjög gott að geta verið bara á staðnum, með þrjú börn og geta stundað námið þegar tíminn gafst til þess og ég gat gert þetta með vinnu. En ég myndi segja að hitt hefði hentað betur á öðrum tíma.*“ Spurð um mikilvægi félagslegs umhverfis á meðan á námi stóð og eftir að vera nýlega flutt til sveitarfélagsins svaraði hún því til að „*[það er merkilegt að hugsa til þess, eftir á] flestir sem ég kynntist hérna fyrst, var fólk sem var ekki uppalið á staðnum og soldið kannski í sömu sporum og ég.*“ Viðmælandi, íbúi á Austurlandi, sagðist hafa klárað námið í „*einni bunu*“ og byrjaði svo að starfa á sviði sem tengdist hennar sérfræðinámi, á sviði verkfræði. Hún sagði: „*þegar ég kom árið 2006 var mikill uppgangur og maður var kannski ekki mikið að hugsa hvort maður væri að flytja í burtu frá einhverjum atvinnutækifærum í sjálfu sér.*“ Viðmælandinn hafði langa starfsreynslu innan síns geira og dró upp mynd af tækifærunum til starfs: „*Það er mjög algengt í [þessum geira] að fólk er að flytja í tengslum við verkefni, stundum í styttri tíma en það þarf oft að vera tilbúið til þess að*

sækja vinnuna þar sem hún er. Og ég held ég hafi alveg vitað það í náminu.“ Fleiri viðmælendur drógu upp svipaða mynd af tengslum náms og starfsvals. Viðmælandi, búsett á Austurlandi og starfar við félagsþjónustu, sagði frá því hvernig námið hennar hafi kannski ekki haft svo mikið að segja um val á búsetu. Hún hafði klárað framhaldsnám á háskólastigi erlendis og sagði: „Þegar ég var búin í námi var ég ekki með nein plön um að flytja [hingað] en ég hafði unnið í barnavernd fyrir sunnan og þekkti fyrrverandi yfirmann minn þaðan. Hún var þá hér en hætti skömmu síðar.“ Viðmælandi, búsett á Austfjörðum og menntuð á sviði búvísinda, hafði lokið grunnnámi og viðbótarnámi tengdu rekstri. Hún hafði búið í Reykjavík í fjögur ár fyrir tæpum tveimur áratugum en var einnig við nám í háskóla á landsbyggðinni. Hún taldi sig ekki hafa hugsað sérstaklega um tengslin á milli þess að velja háskólanám og velja starfsvettvang öðruvísi en sagði: „... flestir sem voru með mér í náminu voru örugglega annaðhvort að fara taka við búi eða höfðu einfaldlega farið í nám vegna þess að þau voru þegar þátttakendur í búrekstri.“ Það má því leiða líkur að því að félagar hennar úr námi hafi almennt séð fyrir sér að atvinna tengd námi fæli í sér búsetu í dreifum byggðum.

Aðeins ein viðmælenda, sem bjó í dreifbýli á Norðvesturlandi, talaði um að hún hugsaði oft um búsetu sem sérstakt vandamál. Hún átti börn sem sóttu nám með skólabíl og lýsti erfiðleikum sem tengdust því: „... það er þreytandi til lengdar þegar dagarnir byrja á því að hugsa um það hvernig færðin er og hvort allt sé á tíma. En svo veit maður líka að þetta var kannski miklu verra fyrir kannski ekki svo löngu síðan. Vegirnir eru betri og svona, en það er lengra að keyra núna [eftir að sveitaskóli var lagður niður].“ Ein viðmælenda, íbúi á Austurlandi, sagði að búseta væri miklu meiri ákvörðun þegar „maður býr ekki í borginni“ og ræddi sérstaklega um aðgengi að menningu. Hún sagði þó, eins og kom fram í máli annarra viðmælenda: „Þegar ég er fyrir sunnan þá kannski nota ég tímann betur, þannig að ég fer og sé eina tvær sýningar í leikhúsi í þeirri ferð og stundum kannski sé ég meira en ég hefði gert ef ég byggji fyrir sunnan.“ Annar viðmælandi, íbúi á Norðvesturlandi, sagði frá álíka reynslu: „Ég er oft búin að sjá leikrit á undan vinkonum mínum vegna þess að maður gerir bara þannig ráðstafanir. Eins með barnasýningar. Held að stelpurnar mínar séu alveg örugglega ekki að sjá minna af því sem er í gangi.“

Flestir viðmælenda höfðu einhver tengsl við svæðið sem þær bjuggu á, ýmist í gegnum fyrri búsetu eða vegna maka. Einn viðmælandi, íbúi á Norðausturlandi og menntuð á sviði

heilbrigðisþjónustu, var í sambúð með manni þegar hún flutti og hélt áfram búsetu eftir sambandslit: „Þegar maður vinnur [í heilbrigðisþjónustu] skiptir nánast engu hvar maður býr, það er alltaf hægt að fá vinnu. Ég var komin með vinnu nokkrum dögum eftir að við ákváðum að flytja og svo hef ég aðeins skipt um vinnu en er á sama stað [á sömu stofnun].“

## Atvinnumöguleikar

Þegar viðmælendur voru spurðir um hvaða möguleika þær sæju í atvinnulífinu fyrir konur með framhaldsmenntun á sínum svæðum voru svörin nokkuð ólík. Ein þeirra, íbúi í dreifbýli á Norðausturlandi, sagði að möguleikarnir í atvinnulífinu hefðu mikið breyst síðustu árin: „Ég myndi segja að þeir væru að opnast mikið núna. Þetta hefur breyst og bara þessi umræða þessa síðustu mánuði um að geta unnið heimavinnu og að maður geti unnið í fjarvinnu frá skrifstofu, hún er náttúrulega að gera ýmislegt mögulegt. Og við erum líka bara, eins og í sveitinni, komin með ljósleiðara og bara það að fá ljósleiðara þýðir að ég get unnið miklu fleiri störf bara með tengingar hingað. Þannig að mér finnst að það séu alltaf að opnast fleiri og fleiri möguleikar í þessu.“ Ein viðmælenda, með menntun á sviði verkfræði og búsett á Austurlandi sagði frá því að atvinnumöguleikar væru umtalsvert minni í sínu sveitarfélagi og það hefði áhrif á það hvernig hún læsi atvinnuauklýsingar og útskýrði ástæður fyrir því að hún sótti nýverið um starf án þess að hafa verið í atvinnuleit: „Kannski þess vegna er ég að sækja um starf núna vegna þess að mér finnst þessi atvinnutækifæri ekki gefast rosalega oft. Það er ekki, myndi ég segja, ofboðslega auðvelt að skipta um starf hér á landsbyggðinni.“ Spurð um hversu mikilvæg félagsleg tengsl í samfélaginu væru þegar fólk finnur ný atvinnutækifæri, sagði hún: „Alveg örugglega mjög miklu máli, því þetta er mjög [lítið atvinnusvæði] í sjálfu sér og flestir sem ég þekki sem hafa verið að skipta um starf hafa verið að gera það í tengslum við álverið.“ Viðmælandi á Norðausturlandi, svaraði spurningunni um atvinnumöguleika kvenna með framhaldsmenntun á háskólastigi þannig, að þeir væru almennt góðir þar sem hún byggði en væru ekki betri en á höfuðborgarsvæðinu: „Það eru náttúrulega konur sem eru menntaðar sem kennarar eða sem heilbrigðisstarfsmenn, svona á húmanískum sviðum, sem eru kannski í þessum dæmigerðu kvennastörfum hér og þar eru atvinnutækifærin alltaf góð en kannski ertu bara oft í því starfi sem þú byrjar að vinna í og ert ekkert að færa þig mikið til enda önnur sérhæfðari störf kannski færri.“

## Kynskiptur vinnumarkaður

Flestir viðmælendur viðtalskönnunarinnar voru sammála um að í samfélagi þeirra væri kynskiptur vinnumarkaður vandamál og stæði í vegi fyrir því að konur geti notið jafnra möguleika, notið eigin atorku og þroskað hæfileika sína óháð kyni. Þegar viðmælendur voru spurðir um hvernig kynskiptur vinnumarkaður birtist þeim í þeirra störfum voru svör nokkuð mismunandi. Ein kvennanna, íbúi á Austfjörðum, lýsti því hvernig vinnumarkaðurinn á hennar svæði væri að mörgu leyti kynskiptari en annars staðar, sérstaklega á sviði sjávarútvegs: „[...] eru alltaf ein og ein kona sem fá pláss á sjó en ég held að það séu ekki margar konur sem endast þar mjög lengi. Aftur á móti eru karlar kannski meira í fiskvinnslunni en áður, þó ég viti það ekki en þetta er alveg mjög kynskipt sko. En karlarnir eru meira í bræðslu og á lyftaranum og þannig.“ Spurð um það sama, sagði viðmælandi, íbúi á Norðausturlandi, þegar hún lýsti kynskiptum vinnumarkaði: „Það er meira kynskipt hér en annars staðar og ég velti því oft fyrir mér þegar ég er að sjá kannski í skólanum og leikskólanum að það vantar stráka eða karla í svona störf. Ég hef ekki lausnina en held að þetta komi með uppeldinu og hvað fólki finnst vera eðlilegt.“ Viðmælandi, íbúi á Austurlandi, sem hafði starfað um árabíl á verkfræðistofu nefndi miklar breytingar síðustu ár og sagði: „Þegar ég kom fyrst voru ekki margar konur hér en það hefur breyst. Ég er til dæmis ekki eina konan á minni stofu og það er miklu jafnara fyrir sunnan. Svo verða auðvitað ákveðin kynslóðaskipti og þegar það gerist þá gerist þetta hægt og sígandi.“ Viðmælandi, íbúi í dreifbýli á Norðausturlandi, sagði: „Það eru ákveðin störf sem eru bara karlastörf og það er ekkert auðvelt að vera kona held ég í þeim störfum, til dæmis á sjó í lengri tíma. Ég veit alveg að það á ekki að hugsa þannig en maður gerir það nú samt og það hefur að gera með svo margt. Og maður er kannski ekki eitthvað að tala um það, því það á kannski ekki að hugsa þannig.“

## Störf án staðsetningar

Spurð um möguleika til starfa án staðsetningar sagði ein viðmælenda, íbúi á Austfjörðum, að það væru ekki neinir staðir sem hún vissi um þar sem hægt væri að sækja um aðstöðu til að vinna slík störf. Um þörfina fyrir slíka aðstöðu sagði hún: „...að hafa skrifborð eða kannski



skrifstofu þar sem þú ert ekki endilega að vinna að því sama og næsti aðili, það er augljóslega algjörlega þörf fyrir það. Og þið eruð kannski ekki að vinna neitt líkt en bara að hafa einhverja til að taka kaffi með eða tala um það sem er að gerast, er mikilvægt.“ Og spurð um það hvort hún gæti sinnt núverandi starfi sínu án staðsetningar, t.d. annars staðar á landinu taldi hún það ekki auðvelt: „ég er í rosalega miklum samskiptum við mjög marga, t.d. hjá sveitarfélögunum og það eru oft úttektir og annað og eftirlit, þannig að það væri ekki auðvelt held ég að gera það án þess að ferðast alveg rosalega mikið.“ Annar viðmælandi, íbúi á Austurlandi sem starfar á sviði velferðarþjónustu nefndi samskonar vandamál varðandi hennar starf: „ég gæti tekið einhver samtöl og símtöl klárlega og eitthvað af fundum en daglega er ég kannski að fara á staðinn til að vinna í málum og það er ekki eitthvað sem ég tæki í gegnum tölvu eða síma, þannig að nei, ekki mikið sem ég gæti í sjálfu sér unnið í fjarvinnu held ég.“ Kona á Norðausturlandi, íbúi í dreifbýli, sagði að störfum án staðsetningar myndi örugglega fjölga í framtíðinni en hafði áhyggjur af því að sveitarfélagin gerðu ekki nóg til að búa sig undir það. Hún nefndi sérstaklega: „það eru tveir í svona störfum sem ég veit um og báðir eru að gera þetta sjálfir eða eru með sinn rekstur. Ég veit ekki um neina sem eru að vinna fyrir ríkið á þennan hátt. Þetta hentar kannski oftast í stuttan tíma eða í verkefnum sem eru kannski búin og þá þarf að finna eitthvað annað.“ Spurð um það hvort hún tæki eftir því að stöður séu auglýstar án staðsetningar og hvort hún hafi hugsað sér að sækja um slík störf sagði hún: „[...] ég hef tekið eftir því að það sé hægt en ég er ekki að fara mæta í viðtal held ég og segja að ég ætli bara að vinna við eldhúsborðið heima hjá mér.“ Fleiri viðmælendur lýstu svipuðum skoðunum um störf án staðsetningar og í hópi eldri viðmælenda voru einnig margar kvennanna sem höfðu reynslu af því að vinna í fjarvinnu við ýmis verkefni. Viðmælandi, íbúi á Norðvesturlandi, sem hafði reynslu af því að vinna á ríkisstofnun með aðsetur í fámennu sveitarfélagi, lýsti reynslu sinni þannig: „Við vorum áður [í höfuðborginni], kannski fyrir fimmtán árum, áður en ég byrjaði og það var enginn að koma [á skrifstofuna] þá og það hefur aldrei verið ástæða fyrir [þjónustuþega] að mæta sjálfir. Þannig að fyrir okkar kúnnahóp hefur það ekki verið neitt vandamál. En fyrir aðra, eins og í ráðuneytinu þarf alltaf að vera útskýra að við séum [ekki í höfuðborginni]. Og það er alveg á hverjum fundi held ég fyrstu mínútur fara í það að útskýra allt, kannski fyrir sama fólkinu ár eftir ár, sama ræðan.“ Þegar viðmælendur voru spurðir um hvaða hindranir stæðu helst í vegi fyrir því að vinna störf án staðsetningar nefndu þær sérstaklega tæknilegar hindranir.



Viðmælandi, íbúi á Norðvesturlandi, sagði sérstaklega um tæknina: „*Mér finnst vont að vera ein á fjarfundi. Það er hægt ef fundarstjórn er góð og menn passa upp á að hljóðneminn fari hringinn. Maður er að lenda aðeins í því að fyrst á fundinum tali allir skýrt en þegar líður á fundinn þá gleymist það og einhver á hinum endanum byrjar að tala [langt frá hljóðnemanum] og ég hef alveg lent í því á fjarfundum að ég hef hugsað, æ ég get alveg eins slökkt á þessu.*“ Fleiri viðmælendur nefndu svipuð vandkvæði varðandi tæknileg vandamál. Sami viðmælandi sagði frá því að allur gangur væri á því að fólk kunni að nota fjarfundi og byrji fundina á því að bölsótast út í tæknina: „*[...] ef þú ert kannski að hlusta á einhvern tala um það hvað þetta er mikið vesen þá er auðvitað eins og hann sé að tala um hvað þú ert mikið problem og að þurfa að vera á fjarfundi. Verstu fjarfundirnir eru þegar þeir verða ofboðslega langir.*“ Þegar viðmælendur voru spurðir frekar út í tækifærin sem geta falist í aukinni notkun fjarfunda í tengslum við samkomutakmarkanir voru flestir viðmælenda sammála um að það hafi breytt miklu. Ein viðmælenda, íbúi á Norðurlandi sem starfar á sviði menntamála, sagði að hún horfði sérstaklega til umhverfismála í tengslum við störf án staðsetningar: „*Þetta verður svona jákvætt af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi gefur þetta tækifæri til að taka þátt í fundum eða ráðstefnum sem ég hefði annars ekki getað sótt, er ekki að taka allan daginn í að komast á kannski einn fund og svo er þetta auðvitað spurningin um mengun. Það fylgir því mikil mengun í að fara á einn fund ef maður er að fljúga. [...] ég hugsa oft út í það.*“ Ein viðmælenda, íbúi á Norðausturlandi, sem vann töluvert í samskiptum við stjórnarráðið lýsti því þannig: „*Svona í gegnum tíðina þá hafa það verið ráðuneytin sem hafa verið þyngst í taumi við að halda fjarfundi en mér finnst þetta vera að opnast. Ég fékk til dæmis um daginn boð frá [ráðherra og ráðuneyti] og það er í fyrsta skipti sem ég fæ svoleiðis boð. Ég held að við getum alveg gert þetta en það þarf aðeins að skerpa þetta [sérstaklega fundarstjórn og tæknina]. Bara í einum mánuði hefur þetta sparað mér fjóra fundi sem eru auðvitað bara fjórir vinnudagar, ef allt gengur upp og maður er ekki bara veðurtepptur, sem gerist alltaf líka.*“

## Viðtöl – Yngri hópur viðmælenda

Við val á hópi yngri viðmælenda var leitast við að tala við konur sem höfðu lokið annaðhvort framhaldsnámi eða grunnnámi í háskóla. Sem áður sagði voru viðmælendur í þessum hópi

fjórtán talsins og búsettar á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi og Austfjörðum. Meðalaldur viðmælanda var 29 ár.

## Menntun og búseta

Viðmælandur í hópi yngri kvenna með háskólamenntun voru valdar með hentugleikaúrtaki. Leitast var við að tala við konur sem bjuggu á landsbyggðinni. Flestar áttu það sameiginlegt að hafa ekki búið lengi á þeim stað sem þær höfðu búsetu, þótt nokkrar hefðu haft búsetu á landsbyggðinni samhliða því að stunda háskólanám.

Viðmælandur voru spurðar um ástæður þess að þær byggju á landsbyggðinni eftir háskólanám. Ein konan, íbúi í dreifbýli á Vesturlandi, sagði að hún hefði klárað hluta náms síns þar sem hún bjó: *„Það kom til greina að búa áfram í Reykjavík, en eftir að ég flutti var ekki mikið um atvinnutækifæri í mínu fagi, þannig að ég ákvað að fara aftur í kennarann og þá kynnist ég mannum mínum, einmitt á þessum tímamarki og við ákváðum að búa áfram [á núverandi stað]“*. Viðmælandi, íbúi á Norðurlandi, menntuð á sviði sálfræði taldi að búseta sín áður en hún ákvað að fara í nám hefði ekki haft áhrif á námsval og hún hefði alltaf hugsað sér að flytja til Reykjavíkur og að það væri ekki bara tímabundin búseta á meðan á námi stæði. Spurð um það hvort hún hefði alltaf hugsað sér að flytja aftur til sama staðar á landsbyggðinni, svaraði hún: *„Sko, í fyrsta lagi þá má alveg segja að námsvalið hafi hvatt til þess að ég byggji í Reykjavík. Ég er á einkastofu núna og það eru færri möguleikar á fjölbreyttu starfi, því stofnanir eru fleiri og fjölbreyttari í Reykjavík en það lætur mig samt ekki vilja búa þar.“* Viðmælandi með framhaldsmenntun í búvísindum, búsett í dreifbýli á Austurlandi og uppalin á Norðvesturlandi, lýsti námsvali og búsetu þannig: *„Námsvalið mitt hvatti mig engan veginn til að búa á höfuðborgarsvæðinu, þetta helst allt saman, svona námsvalið og hvar við búum held ég. Við vorum búin að ákveða að taka við búinu, ég er alin upp í sveit og hef alltaf haft mikinn áhuga á sveitalífi og það eru ekki margar stofnanir hér á landi sem geta ráðið fólk með mína menntun. [...] Ég er með mastersnám og það var mest í fjarnámi fyrir utan eina önn í skiptinámi í Svíþjóð.“* Viðmælandi með menntun á sviði lyfjatækni, búsett á Austurlandi, sagði að val um búsetu hafi frekar tengst náminu, frekar en öfugt: *„Það var eiginlega menntunin sem valdi það hvar ég bý núna. Það kom alveg til greina að búa í Reykjavík áfram og þar eru auðvitað fleiri starfsmöguleikar. [...] Það eru öðruvísi störf í boði*

*í Reykjavík og náttúrulega fleiri og ef mig langar að prófa eitthvað annað, eins og að vinna í apóteki þá þarf ég örugglega að flytja. En námsvalið er ekki að hefta mig. Ég held að ég geti unnið eiginlega hvar sem er ef út í það er farið.“* Viðmælandi með kennaramenntun, búsett á Norðausturlandi, sagði um búsetu sína: *„Þegar ég var ólétt fékk maðurinn minn vinnu hér tengda sínu námi. Það kom aldrei til greina að vera búsett eitthvað áfram í Reykjavík þegar ég var búin með nám en núna er það kannski öðruvísi. [...] námið heftir mig ekki ég get unnið hvar sem er og ef ég ætti að velja núna gæti verið að það að flytja suður væri fínt. En námið gerir mann kannski að sterkari kandidat oft þegar maður er að sækja um vinnu.“* Viðmælandi með framhaldsmenntun í heilbrigðisvísindum og að ljúka námi, búsett á Norðausturlandi, sagði um menntun sína: *„Planið var að flytja aftur hingað en við kannski í lengdumst í Reykjavík vegna þess að maðurinn minn var með vinnu þar. Við flytjum svo aftur fyrir [nokkrum árum] og það hefur verið svona öðruvísi en ég hélt, maður kannski er bara meira þar sem manni líður vel. Maður er þá ekkert mikið að spá í að flytja, maður bara flytur þegar það gerist.“* Spurð nánar út í tengslin milli náms og búsetu svaraði sami viðmælandi: *„Ég er kannski með þannig nám að maður er ekki að læra eitt ákveðið, það er frekar opið hvar maður verður“.* Viðmælandi með kennaramenntun, búsett á Norðausturlandi sagði um búsetu: *„Það eru bara forréttindi að ala börn upp í minna samfélagi.“*

## Atvinnumöguleikar

Viðmælandi með framhaldsmenntun í búvísindum, búsett í dreifbýli á Austurlandi, sagði um atvinnumöguleika sína: *„Ég hef möguleika á að stunda það sem mér finnst alveg mjög gaman, að vera bóndi [...] ásamt því að vera í annarri vinnu eins og maður kannski þarf stundum þegar maður er hérna í búskap [...] að geta þá aflað annarra tekna með því að taka að sér einhver önnur verkefni [...] ef ég væri ekki með þessa menntun sem ég er með, byggir ég líklega samt hérna.“* Spurð um atvinnumöguleika sína ef hún vildi skipta um vinnu en búa áfram á sama stað sagði viðmælandi, íbúi í dreifbýli á Vesturlandi: *„[...] það er frekar auðvelt fyrir mig að skipta um starf og búa áfram þar sem ég er núna.“* Viðmælandi með sálfræðimenntun, íbúi á Norðausturlandi, sagði um atvinnumöguleika sína ef hún myndi skipta um starf: *„Af því að ég var að læra eitthvað svona með titli, þar sem maður er bara sálfræðingur, þá vissi ég að ég myndi líklega geta fengið störf þar sem er auglýst eftir*

sálfræðingum [...] og ég myndi ekki vilja vinna við neitt annað.“ Þegar sama spurning var lögð fyrir viðmælanda með kennaramenntun dró hún fram ákveðna kosti þess að búa á landsbyggðinni og hafa samt sömu tekjumöguleika og kennarar á höfuðborgarsvæðinu, hún sagði: „Ég get auðvitað farið í eitthvað annað starf og fengið hærri tekjur en ég er náttúrulega bundin kjarasamningum [...] sem gerir ekki svo mikla tekjuaukningu, svo lengi sem ég er að vinna í skólakerfinu.“ Aðrir viðmælendur ræddu ákveðnar takmarkanir sem tengdust námi á sérsviði og atvinnumöguleika á smærri stöðum á landsbyggðinni. Viðmælandi sem hafði lokið sérfræðinámi á sviði efnafræði, búsett á Norðausturlandi, sagði: „Ég er auðvitað mjög niður njörvuð með nám í efnafræði, það er ekki beint fjölbreyttasti starfsvettvangurinn að mörgu leyti [...] það er til dæmis bara einn staður [í mínu sveitarfélagi] sem að ég gæti mögulega fengið vinnu [...] að öðru leyti er ekkert, það er ekkert annað að gera fyrir efnafræðing. Ef ég tek kennsluréttindin þá er þetta orðið allt annað mál [...]. Það vantar efnafræðikennara [alls staðar], það er mikið bitist um þá.“ Annar viðmælandi með sálfræðimenntun og framhaldsmenntun á sviði mannauðsstjórnunar, búsett á Norðurausturlandi, sagði um atvinnumöguleika sína: „Þú veist það er lítið um stór fyrirtæki sem eru með starfsstöðvar [í mínu sveitarfélagi] og mannauðsstjórar og mannauðsráðgjafar eru ekkert margir per starfsmenn í fyrirtækjum skilurðu, þannig að þú veist [...] ég var alveg stressuð að flytja norður og þurfa síðan eftir fæðingarorlof að fara finna mér vinnu við það sem mig langar að vinna við.“ Fleiri viðmælendur báru saman atvinnumöguleika sína við höfuðborgarsvæðið. Viðmælandi með sérfræðimenntun á sviði líftæknifræði, búsett á Norðausturlandi, sagði: „Maður getur unnið við þetta alls staðar en það eru náttúrulega mestu möguleikarnir í höfuðborginni. Með mitt nám á landsbyggðinni vinnur maður eiginlega bara á sjúkrahúsum, en í Reykjavík þá eru öll þessi fyrirtæki.“ Spurð um tækifæri til að afla hærri tekna í eða með núverandi starfi, sagði sami viðmælandi: „Það eru ekki mjög mörg tækifæri [til starfspróunar eða aukinna tekjumöguleika], líklega ef ég myndi skipta um starf en ég er náttúrulega bara að vinna hjá ríkinu þannig að það er mjög takmarkað sem maður getur hækkað í launum [...], bara einhver örfá þrep tengd starfsaldri, og maður fær það ekki auðveldlega hjá ríkinu,“ Viðmælandi með framhaldsmenntun úr háskóla og kennsluréttindi, búsett á Austfjörðum, sagði að atvinnumöguleikar væru ágætir þar sem hún byggi en hún hafi alltaf hugsað um fleira en það, hún sagði: „Ég tel mig samt eiga möguleika á starfspróun og frekari tekjumöguleika. Ég byrjaði í starfinu sem ég er í núna í mars og hef farið í starfsmat eða

starfspróun og fékk stöðuhækkun. Ég mun síðan byrja í nýrri stöðu þegar ég kem úr fæðingarorlofi og fæ hærra laun. Auknar tekjur skipta mig ekki öllu máli [...] það er frekar að ástríða og áhugi á starfinu skipti máli.“

## Kynskiptur vinnumarkaður

Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði búvísinda, búsett á Austurlandi, sagði um stöðu kvenna á vinnumarkaði á sínu svæði: „Við vitum alveg að svona kvennastörf eru yfirleitt verr borguð heldur en karlastörf. Þannig að ég myndi segja að tekjugrundvöllur kvenna og karla sé ekki alveg á pari hérna.“ Margir viðmælenda ræddu jafnvægi á milli fjölskyldulífs og atvinnu í tengslum við bæði atvinnumöguleika sína og lýsingu á kynskiptum vinnumarkaði. Um möguleika kvenna til að fá vinnu á svæðinu eftir nám, sagði sami viðmælandi: „Mér finnst það vera meira áberandi [að það séu] ungir karlar sem koma aftur. Konurnar koma og þurfa kannski að starfa við eitthvað voða venjulegt eins og að vinna í búðinni.“ Viðmælandi sem hafði lokið sérfræðinámi á sviði efnafræði, búsett á Norðausturlandi, sagði: „Konurnar eru ennþá meira heima með börnin, geta þar af leiðandi ekki tekið að sér neina yfirvinnu og skólarnir hér eru til dæmis mjög niður njörvaðir [...] bara opið til korter yfir fjögur í leikskólanum.“ Viðmælandi með háskólamenntun á sviði félagsvísinda og framhaldsmenntun á sviði lýðheilsuvísinda, búsett á Norðurlandi, sagði um kynskiptan vinnumarkað: „Ég held að aðstæður hér séu betri en almennt, það er ekki mikið kynskipt þannig séð. Meira væri kannski erfitt að hlaupa í hvað sem er og það hefur meira að gera með menntunina sem maður er með. Ég held að samfélagið sé að breytast með það.“ Viðmælandi með grunnnám í ferðamálafræði og framhaldsmenntun á sviði menntavísinda og búsett á Norðurlandi sagði: „Mín tilfinning er kannski þínu sú að, það er svona, konur eru í svona meiri meirihluta sem kennarar hér heldur en annars staðar eins og á höfuðborgarsvæðinu.“ Algengt var að viðmælendur bæru saman kynskiptan vinnumarkað á sínu svæði saman við aðra staði á Íslandi. Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, búsett á Austurlandi sagði um muninn á kynskiptum vinnumarkaði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu: „Ég myndi segja að það væri meira áberandi [í sjávarútvegi]. Það er klárlega meira áberandi á Austurlandi en á höfuðborgarsvæðinu en kannski aðeins minna áberandi á Egilsstöðum heldur en á fjörðunum“. Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði félagsvísinda, búsett á

Norðausturlandi, sagði að kynskiptur vinnumarkaður birtist henni sérstaklega þegar kemur að stjórnun, hún sagði: „Þegar það kemur að því að detta inn í kannski einhverja góða vinnu eða detta inn í eitthvert stjórnunarstarf þá held ég að karlar hafi frekar möguleika á því heldur en konur.“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði félagsvísinda, búsett á Norðausturlandi, sagði um möguleika kvenna á kynskiptum vinnumarkaði: „Vaktavinna og æðstu stjórnendastörfin eins og á mínum vinnustað, þá eru tveir þriðju af starfsmönnum konur en svo komum við í stjórnendahópinn og þá eru það 75% karlar [...] konur hafa alveg möguleikann á þessu en þeir sækja meira í hörðu störfun og konur í mjúku og þá eru tekjurnar eftir því.“

### Störf án staðsetningar

Viðmælandi með háskólamenntun á sviði ferðamálafræði sagði um möguleika sína til að starfa án staðsetningar: „Það er auðveldara að vera án staðsetningar í mörgum störfum, svona í karllægari greinum sem eru líka hálaunuð störf, t.d. þeir sem vinna í hugbúnaðargeiranum. Þessi störf eru að verða mjög óháð staðsetningu, þetta eru náttúrulegra mun karllægri geirar á meðan að svona kvenlægari geirar eins og kennarar og fólk sem starfar við umönnun. Já það er erfiðara að vera úti á landi sem kona og ætla að fá mjög há laun, heldur en ef þú ert karl.“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði menntavísinda og búsett á Norðurlandi sagði: „Ójá, þetta er bara draumurinn minn, myndi dýrka að vinna eitthvað svona starf sem er án staðsetningar [...], geta sótt um og unnið starf þar sem að hver ég er og hvað ég hef lært og hvað ég kann og hvað ég get er það sem skiptir máli en ekki það hvaða stað ég hef valið að búa á landinu og hvar mér líður vel að búa.“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði félagsvísinda, búsett á Norðausturlandi, sagði um möguleika sína til að vera í starfi án staðsetningar: „Ég samt myndi vilja hafa starfsstöðina í mesta lagi á Akureyri til að maður gæti [...] sótt hana af og til, þú veist ég held mér myndi finnast erfitt að vinna á vinnustað sem væri bara með höfuðstöðvar í Reykjavík.“ Viðmælandi með háskólamenntun á sviði félagsvísinda og framhaldsmenntun á sviði lýðheilsuvísinda, búsett á Norðurlandi, sagði að möguleikar hennar væru vafalítið meiri á vinnumarkaði ef störf væru oftast auglýst án staðsetningar: „Ég hef alltaf fylgst með auglýsingunum og það er ekki oft sem ég sé þetta, að auglýst sé svona án staðsetningar, eða ég er ekki að taka eftir

*Því.*“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði kennsluvísinda, búsett á Norðausturlandi, sagði um möguleika sína til að starfa í starfi án staðsetningar: „*Mér finnst ég ná betri einbeitingu og ná bara samfelldri vinnu heima hjá mér og stýra vinnutímanum betur. Gallinn er auðvitað sá að maður hittir engan. Eftir að hafa prófað fjarkennslu í heilt ár þá myndi ég aldrei getað ímyndað mér að vera þannig til lengdar.*“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála, búsett á Austurlandi, sagðist gjarnan geta hugsað sér fleiri atvinnutækifæri sem ekki væru bundin núverandi búsetu. Um möguleika sína til vinnu án staðsetningar sagði hún: „*Mikið af starfsstöðum eru fyrir sunnan og mikið af stórum fyrirtækjum sem eru jafnvel með útibú hérna á [svæðinu], eru ekki með þessi störf sem ég er að sækjast eftir, þau eru yfirleitt staðsett í höfuðstöðvum.*“ Viðmælandi með framhaldsmenntun á sviði félagsráðgjafar, búsett á Austfjörðum, taldi að möguleikar til starfa án staðsetningar hefðu aukist mjög síðustu ár. Um möguleika fólks til að sækja slíka vinnu sagði hún: „*Auðvitað væri það náttúrulega frábært ef það er einhver sem finnur sitt draumastarf án þess að þurfa að flytja úr sínum heimabæ og það hefur kannski sést núna í Covid að það eru miklu fleiri möguleikar á að það gerist. En það er líka hættu á að allt gleymist mjög fljótt og allt verði eins og það var.*“



## Samantekt

Til að draga saman svör og ummæli viðmælenda úr viðtölunum verður hér að lokum greint frá megin niðurstöðum fyrir báða aldurshópa með áherslu á ábendingar þeirra og athugasemdir innan hvers sviðs könnunarinnar.

### **Menntun og búseta:**

Margar konurnar sem rætt var við höfðu reynslu af vinnumarkaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni og höfðu ýmist flutt frá höfuðborgarsvæðinu eftir nám eða flutt í tengslum við atvinnutækifæri tengd eigin menntun. Margar þeirra höfðu góða reynslu af fjarnámi og lýstu því sem ákveðinni forsendu þess að hafa getað haldið áfram námi eftir grunnnám. Sumar kvennanna nefndu þó að námsframboð fjarnáms settu því gjarnan skilyrði hvaða nám hægt hefði verið að sækja. Flestar kvennanna lýstu jákvæðum einkennum samfélaga sinna, oft sem ástæðu fyrir því að þær kjósi heldur að búa á landsbyggð eða í dreifbýli. Í því sambandi voru oft nefndar ástæður eða aðstæður sem tengdust uppeldi barna og kostir smærri byggða, svo sem samgöngur og nálægð við tólmstundir. Í flestum tilvikum var smæð byggða tengd þeim forréttindum að búa í litlum samfélögum.

### **Atvinnumöguleikar:**

Margar kvennanna sögðu að atvinnutækifæri sem tengdust menntun þeirra væru færri þar sem þær búa en á höfuðborgarsvæðinu. Það lýsti sér bæði með þeim hætti að þær ættu erfiðara með að skipta um störf og smæð stofnana eða fyrirtækja sem þær störfuðu við gæfu ekki sömu tækifæri til starfsþróunar. Nokkrar viðmælenda, sem störfuðu á sviðum menntunar og heilbrigðisþjónustu, töluðu um að atvinnumöguleikar þeirra væru í aðalatriðum þeir sömu hvar sem þær bjuggu. Þegar spurt var um mikilvægi félagslegra tengsla og atvinnumöguleika voru vísbendingar um að margar kvennanna hefðu flutt á landsbyggðina í tengslum við störf maka og látið það síðan ráðast hvernig atvinnumöguleikum þeirra væri háttað. Flestar töluðu um mikilvægi þess að þekkja til á þeim stöðum sem þær bjuggu og um mikilvægi þess að nýta félagsleg tengslanet, vildu þær skipta um starf.



### **Kynskiptur vinnumarkaður:**

Viðmælendur í báðum aldurshópum, yngri sem eldri, greindu frá því að kynskipting starfa væri áberandi einkenni vinnumarkaðs á þeim stöðum þar sem þær bjuggu. Töldu sumar það sjaldgæft að sjá konur í störfum sem flokkast sem „karlastörf.“ Ástæðurnar voru jafnan taldar raktar til hefðbundinna hugmynda um kynin og hugmynda sem þyrfti að takast á við í tengslum við uppeldi og menntun. Í svörum viðmælenda gagnvart spurningum um kynskiptan vinnumarkað kom fram áberandi þörf kvennanna fyrir að ræða launamun og kjör kvenna og karla, þar sem laun karla væru jafnan umtalsvert betri en kvenna. Þetta átti bæði við um laun tengd sjávarútvegi og iðnaði, ásamt möguleikum til vaktavinnu. Margar kvennanna nefndu að kynskiptur vinnumarkaður væri meira áberandi á landsbyggðinni þótt breytingar á vinnumarkaði hin síðari ár gæfu tilefni til bjartsýni. Allmargar sögðu að möguleikar kvenna til starfa á landsbyggðinni væru oft fólgnir í störfum í hefðbundnum kvennastéttum, svo sem innan heilbrigðisstarfa eða við kennslu.

### **Störf án staðsetningar:**

Konurnar höfðu flestar jákvæð viðhorf til möguleika til starfa án staðsetningar. Flestar nefndu mikilvægi viðunandi aðstöðu til slíkra starfa og óraunhæfar hugmyndir um að störf án staðsetningar væru unnin á heimili. Þá nefndu margar áhrif kynskipts vinnumarkaðar og að störf án staðsetningar hentuðu illa stórum kvennastéttum eins og heilbrigðisstarfsfólki eða kennurum. Áberandi í svörum viðmælenda var að þær sáu fyrir sér að geta sinnt slíkum störfum á sérstökum starfsstöðvum fyrir fólk sem ynni slík störf. Þar sem félagsleg samskipti á vinnustað væru nauðsynlegur þáttur á vinnustöðum. Margir viðmælendur sem höfðu reynslu af fjarfundum vísuðu til möguleika sem birtust okkur í Covid faraldrinum og minntu jafnframt á að sú reynsla gæti hæglega glatast fljótt. Fyrir utan hagræði og sanngirni sem felst í störfum án staðsetningar bentu viðmælendur einnig á umhverfissjónarmið sem mæla eindregið með fækkun ferða vegna funda eða vinnuferða. Áberandi meðal þeirra sem höfðu reynslu af fjarnámi eða fjarfundum var áhersla á mikilvægi þess að fólk tileinkaði sér tæknina sem þarf að vera til staðar. Ef fjarfundir eiga að virka þá þurfa allir þátttakendur að vera á sinni eigin starfsstöð með viðeigandi hljóð og myndbúnað.

Til að halda jafnvægi í byggðum landsins þurfa atvinnumöguleikar að hæfa bæði körlum og konum, sérstaklega þegar litið er til þess að vinnumarkaður er einn stærsti þáttur í búsetuvali einstaklinga. Rannsóknir og skýrslur gefa til kynna að atvinnustefna landsbyggðarinnar og byggðastefna stjórnvalda taki ekki nægjanlega mið af áhrifum kynskipts vinnumarkaðar og að tryggja þurfi fjármagn til frekari rannsókna, sem leitast við að greina áhrif kynjasjónarmiða fyrir stefnumótun í málaflokkunum.

Við útfærslu og skilvirka innleiðingu byggðastefnu stjórnvalda þurfa stjórnvöld og sveitarfélög að horfa til sérstöðu landsbyggðarinnar og samtímis vinna að leiðum til að koma til móts við breytingar á vinnumarkaði. Þörf fyrir mönnun starfa sem krefjast aukinnar menntunar, sérfræðimenntunar og símenntunar kallar á samvinnu allra aðila á vinnumarkaði, sveitarfélaga og ríkis. Á kynskiptum vinnumarkaði þar sem konur sinna, frekar en karlar, störfum á sviðum heilbrigðis- og velferðarþjónustu eða störfum í menntakerfinu, eru atvinnumöguleikar kvenna ólíkir atvinnumöguleikum karla. Svo virðist sem konur eigi, í þessum stéttum, auðvelt með að finna störf en vegna fábreytni atvinnutækifæra kann að vera að þeim standi færri möguleikar til boða þegar kemur að starfsþróun eða möguleikum til að starfa í störfum án staðsetningar. Það undirstrikar mikilvægi þess að gera úrbætur á kynbundnu náms- og starfsvali.

## Tillögur og frekari rannsóknir

- Í tengslum við atvinnu- og byggðastefnu verði gerð greining á áhrifum kynskipts vinnumarkaðar á landsbyggðinni.
- Í ákvarðanatöku og stefnumótun verði gætt að áhrifum kynskipts vinnumarkaðar á markmið um störf án staðsetningar.
- Í tengslum við atvinnu- og byggðastefnu og loftslagsmarkmið verði mótuð stefna um samræmda fjarfundi á vegum hins opinbera.
- Gert verði sérstakt átak til að fjölga starfsstöðvum þar sem fólk getur haft aðstöðu til að sinna störfum án staðsetningar.

## Heimildir

Alþingi. (2017-2018). *Þingsáætlun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024*. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Anna Kristín Guðmundsdóttir. (2009). *Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni*. M.A. ritgerð, Háskóli Íslands.

Benson A. (2014). *Rethinking the Two Body Problem: The Segregation of Women into Geographically-Dispersed Occupations*. *Demography*, 41(4).

Berglund, A-K., Johansson, S., Kramvig, B. (2005). Nordisk periferi – frågor om arbete, välfärd, kön och självförståelse. Í Anna-Karin Berglund, Susanne Johansson och Molina (ritstjórar), *Med perefieren i sentrum. En studie av lokal velferd, arbetsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien* (bls.1-16). *Norut NIBR, Finnmark- rapport: 2005:14*. Finnmark: Nordisk Ministerråd.

Detang-Dessandre, C., Molho, I. (2000). Residence Spells and Migration: A Comparison for Men and Women. *Urban Studies*, 37(2), bls. 247-260.

Einar Már Þórðarson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á Íslenskum vinnumarkaði*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

*Evrópusáttmálinn um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum*. (2008). Sótt af: <https://www.jafnretti.is/static/files/Skyrslur/evropusattmali-um-jafna-stodu-kvenna-og-karla-i-sveitarfelogum-og-herudum.pdf>

Faggian, A., McCann, P., Sheppard, S. (2007). Some Evidence that Women are More Mobile than Men: Gender differences in U.K. Graduate Migration Behaviour. *Journal of Regional Science*, 47(3), bls. 517-539.

Forsætisráðuneytið. (2021). Tekjusagan. [www.tekjusagan.is](http://www.tekjusagan.is).

Jafnréttisþing. (2009). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála : jafnrétti kynjanna í tölum*. Félags- og tryggingarmálaráðuneytið.

Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). *Staða kvenna og karla á Íslenskum vinnumarkaði, staðreyndir og staða þekkingar*. Velferðarráðuneytið.

Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason (2005). Nordisk periferi – frågor om arbete, välfärd, kön och självförståelse. Í Anna-Karin Berglund, Susanne Johansson och Molina (ritstjórar), *Med perefieren i sentrum. En studie av lokal velferd, arbetsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien. Könsmönster i flyttingar frå landsbygden på Island* (bls. 142-168). *Norut NIBR, Finnmark- rapport: 2005:14*. Finnmark: Nordisk Ministerråd

Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir. (2009). *Atvinnusköpun í dreifbýli út frá kynjasjónarmiði*. M.A. ritgerð.



Jafnréttisstofa